



Fréttabréf Árskógarskóla




Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

28. tölublað, 3. árgangur, desember 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú....

að það getur tekið um 15 ár að rækta fallegt jólatré???



Gott fólk, upp er runninn desember og árið brátt á enda. Við erum þakklát fyrir allar þær góðu stundir sem við höfum átt í skólanum þetta árið. Faglegt starf, umhyggja, gleði, virðing og samvinna er m.a. það sem við leggjum upp með og getum sagt að við stöndum fyrir. Við erum að gera góða hluti og erum stolt af skólanum okkar. Við þökkum samstarfið og óskum öllum gleðilegra jóla.

Kveðja frá skólustjórnendum,
Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Stafavísa desember

á Kötlukoti er um Tt

T-t-t

Tuma litla sér

Á takkaskóm með tuðru
fína

Sparkar alla leið til Kína

T-t-t-t-t

Tuma litla sér



Jólafondur 1. desember

Mánudaginn 1. desember er jólafondur Árskógarskóla í félagsheimilinu frá kl. 16°-19°. Efni til fönðurgerðar selt á staðnum auk veitinga sem foreldrafélagið sér um. Athugið að enginn posi er á staðnum. **Nemendur á grunnskólaaldri fara heim að loknum hádegismat kl. 12° þennan dag** og mæta svo með foreldrum í jólafondrið kl. 16° Allir eru velkomnir og ágóði af sölu fönðurs og veitinga fer í ferða- og skemmtisjóð nemenda. Sjáumst hress í jólaskapi.

Þorláksmessa

könnun

Okkur langar að biðja ykkur ef mögulegt er að láta vita sem fyrst ef barnið/börnin koma ekki á Kötlukot þennan ágæta dag. Við erum að hugsa um mannahald og matinn.

Kötlukot lokar

12:15 þennan dag!

Jólakort

Sú skemmtilega hefð ríkir í Árskógarskóla að þeir nemendur og kennarar sem vilja, senda hvert öðru jólakort. Börnin koma með kortin í jólakortakassa sem staðsettur er í skólanum. Síðasti skiladagur á jólakortum er mánudagurinn 15. desember. 5.-7. bekkur sér síðan um að flokka kortin og loks afhendir jólasveinninn kortin á litlu jólum skólans.

Litlu jólin

Föstudaginn 19. desember eru litlu jólin. Á milli 09:00-10:30 ætlum við að hlusta á jólasögu, dansa og syngja kringum jólatré og eiga góða stund saman í félagsheimilinu. Allir nemendur fá pakka, piparkökur og mjólk/vatn. Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.

Skólaakstur á litlu jólunum:

Dalvíkurskóli 08:20

Árskógssandur 08:35

Stærri-Árskógur 08:40

Kálfskinn/Hátún 08:42

Hauganes 08:50

Heimferð 10:30

Jólafrí nemenda

Eftir litlu jólin þann 19. desember eru börn á grunnskólaaldri komin í jólafrí. Kötlu kot er opið 22. desember og á Þorláksmessu þann 23. desember til 12:15 en síðan er Kötlu kot einnig komið í jólafrí. Árskógarskóli er lokaður milli jóla og nýárs en opnar aftur mánudaginn 5. janúar samkvæmt stundaskrá.

Piparkökubakstur

Miðvikudaginn 3. desember ætlum við að baka piparkökur hér í Árskógarskóla. Við byrjum um kl: 09:45 og verðum að fram undir hádegi eða eins og deig leyfir. Foreldrar eru velkomnir að koma til okkar, baka með okkur og eiga góða stund í skólanum okkar.

Þegar piparkökur bakast, kökur.....



Opnunartími og skóladagatal






















Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

[Skóladagatal 2014-2015](#)



Myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er í tölvupóstinum)!

Viðburðadagatal desember 2014

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
1 Jólafondur í félagsheimili 16°-19° 	2	3 Piparköku-bakstur. 	4	5	6	7
8	9	10 Aðventuferð 2009 árg og 1-7 bekkjar til Akureyrar 	11	12  Stekkjarstaur	13  Giljagaur	14  Stúfur
15 Skiladagur korta  Þvöru-sleikir	16 Bingó  Potta-skefill	17  Aska-sleikir	18 7. bekkur á litlu jóli Dalvíkurskóla kl: 20  Hurða-skellir	19 Litlu jólin 09-10:30  Skyr-gámur	20  Bjúgna-krækir	21  Jóhann 2 ára  Glugga-gægir
22  Gátta-þefur	23 Þorláksmessa Ópið til 12:15 á Kötlukoti  Ket-krókur	24 Aðfangadagur Lokað  Kerta-sníkir	25 Jóladagur Lokað	26 Annar í jólum Lokað	27	28 Jón & Lárus 11 ára 
29 Lokað	30 Lokað	31 Gamlársdagur Lokað Emma 8 ára 	1 Nýársdagur Lokað 2015 	2 Skipulagsdagur Nemendur í fríi 	3	4